# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

**1.1 Vörukenni:** **Frostlögur fyrir húsbíla**
**– Blandaður og tilbúinn til notkunar með frostþol allt að -26°C**

**Vörunúmer:** **112685-RV** **5 Ltr**

**1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**

**Viðeigandi notkun** Frostlögur.
**Notkun sem ráðið er frá** Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

| | Söluaðili | Framleiðandi |
|---|---|---|
| **1.3 Söluaðili:** | **KEMI ehf.** | **KEMI ehf.** |
| | Tunguhálsi 10 | Tunguhálsi 10 |
| | 110 Reykjavík | 110 Reykjavík |
| **Sími:** | 4154000 | 4154000 |
| **Netfang:** | kemi@kemi.is | kemi@kemi.is |
| **Veffang:** | www.kemi.is | www.kemi.is |

**Framleiðandi:** KEMI ehf.

**1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**
**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

**2.2 Merkingaratriði:**
**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**

**Hættumerki** Engin.

**Viðvörunarorð** Ekkert.

**Hættusetningar** EUH210 Öryggisblað er fáanlegt sé um það beðið.

**Varnaðarsetningar** P102 Geymist þar sem börn ná ekki til

**2.3 Aðrar hættur:**
*Sjá einnig 11. og 15. lið.*

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (>0,1%).
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Varan inniheldur enga endókrínblokkara, skv. viðmiðum í reglugerðum ES nr. 2017/2100

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:** Efnablanda í vatnslausn.

| Natríum-2-etýlhexanóat | | | |
|---|---|---|---|
| **Skráningarnúmer ECHA** | 01-2119979083-31 | **Innihald %** | **< 2** |
| **Raðnúmer** | - | **Varnaðarmerki:** | - |
| **EINECS, ELINECS** | 243-283-8 | **H-setningar** | - |
| **CAS** | 19766-89-3 | **Flokkun, hættumerking** | - |
| **Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)** | | | - |
| Eit.á æxlun 2 - **H361d** | | | |

*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.*

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálp

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

**Almennt** Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

**Innöndun** Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis við öndunarerfiðleika.

**Snerting við húð** Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

**Snerting við augu** Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis við ertingu.

**Inntaka** Leitið strax læknis eða eitrunarmiðstöðvar. Framkallið ekki uppköst. Gefið lítið magn vatns að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

**Hjálparliðar** Framkvæmið ekkert sem hefur persóulega áhættu í för með sér.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Hafið strax samband við lækni eða eitrunarmiðstöð við innöndun eða inntöku mikils magns. Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

**Hentugur slökkvibúnaður:** Koldíoxíð, froða, slökkviduft (ABC), vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

**Óhentugur slökkvibúnaður:** Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni, natríumoxíð, aldehýð, keton, reykur og eitraðar gufur. Niðurbrotsefni geta reynst hættuleg við innöndun í miklu magni eða í lokuðum rýmum. Við bruna getur þrýstingur í umbúðum aukist og valdið sprengingu.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Haldið óviðkomandi fjarri. Reykið ekki. Gangið ekki í losuðu efni. Mengað svæði myndar hálkubletti.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Minni háttar losun má hreinsa upp með klútum og handverkfærum. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

**6.4 Tilvísun í aðra liði:** Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð, augu og fatnað.
Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni, t.d. við umhellingu, jarðtengið ílát. Skerið ekki eða borið í tæmdar umbúðir.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið ekki vætta klúta í vösum eða hreinsið hendur með þeim.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað, fjarri öllum matvælum.
Forðist raka, hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.
Geymið fjarri sterkum oxurum og sterkun sýrum. Varan má ekki frjósa.

**7.3 Sértæk, endanleg notkun:** Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

| Efni: | 8 klst ppm | 8 klst mg/m3 | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m3 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| Jarðolíuúði | | 5 | | 10 | WEL |

WEL= Work Exposure Limit

| Natríum-2-etýlhexanóat | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Notkunarsvið vöru** | **Snertileið** | **Lýsing áhrifa** | **Mæliaðferð** | **Gildi** | **Eining** |
| Atvinnutengt | Fólk, ísog um húð | Langtíma | DNEL | 2 | mg/kg/líkamsþ/d |
| Atvinnutengt | Fólk, innöndun | Langtíma | DNEL | 14 | mg/m3 |
| Neytendatengt | Fólk, ísog um húð | Langtíma | DNEL | 1 | mg/kg/líkamsþ/d |
| Neytendatengt | Fólk, innöndun | Langtíma | DNEL | 3,5 | mg/m3 |
| Neytendatengt | Fólk, inntaka | Langtíma | DNEL | 1 | mg/m3 |
| Umhverfi | Ferskvatn | | PNEC | 0,36 | mg/l |
| Umhverfi | Sjór | | PNEC | 0,036 | mg/l |
| Umhverfi | Ferskvatn set | | PNEC | 0,301 | mg/kg |
| Umhverfi | Sjór set | | PNEC | 0,0301 | mg/kg |
| Umhverfi | Jarðvegur | | PNEC | 0,0579 | mg/kg |
| Umhverfi | Hreinsistöð | | PNEC | 71,7 | mg/l |

### 8.2 Váhrifavarnir:

**Tæknileg atriði**

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Forðist innöndun gufu og úða.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

**Persónuhlífar**

**Augnhlífar** Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

**Húð - hendur** Notið leysiefnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN374).
Gegnstreymistími 480 mín, efnisþykkt 0,38 mm.
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

**Húð - annað** Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

**Öndunarfæri** Sé loftræsting ófullnægjandi, notið öndunargrímu með síu af gerð A/P1 (EN 14387).
Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

**9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:**

| | |
|---|---|
| **Eðlisástand:** | Vökvi |
| **Litur:** | Litlaus, tær |
| **Lykt:** | Mild |
| **pH:** | 8,7 |
| **Bræðslumark:** | -32°C |
| **Suðumark:** | 130°C |
| **Blossamark:** | >100°C |
| **Eðlismassi við 15°C:** | 1,025 g/$cm^3$ |
| **Vatnsleysni:** | Auðleysanlegt |
| **Sprengifimi:** | Varan er ekki sprengifim. |

**9.2 Aðrar upplýsingar:**

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

**10.1 Hvarfgirni:**

Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

**10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:**

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

**10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:**

Engin við venjulega notkun.

**10.4 Skilyrði sem ber að varast:**

Hátt hitastig (yfir blossamarki), neistar, íkveikjuvaldar, eldur, stöðurafmagn.

**10.5 Ósamrýmanleg efni:**

Sterkir oxarar, sterkar sýrur, nítröt, peroxíð, klóröt.

**10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:**

Kolmónoxíð, koldíoxíð, vetniskolefni, natríumoxíð, aldehýð, keton, reykur og eitraðar gufur.
Niðurbrotsefni geta reynst hættuleg við innöndun í miklu magni eða í lokuðum rýmum.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

**11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:**

**Bráð eiturhrif:**

| | |
|---|---|
| **Innöndun** | Innöndun gufu í háum styrk getur valdið ertingu í öndunarfærum. |
| **Snerting við húð** | Langvinn eða endurtekin snerting við húð getur valdið útbrotum (snerting við mengaðan fatnað). |
| **Inntaka** | Inntaka getur valdið ertingu í meltingarvegi, ógleði, uppköstum og niðurgangi. |

| | |
|---|---|
| **Húðerting/æting** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Alvarlegur augnskaði** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Næming öndunarfæra** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |

**Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun**

| | |
|---|---|
| | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Eitrun æxlunarfæra:** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Eiturhrif á líffæri (endurtekin)** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |
| **Ásvelgingarhætta:** | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. |

| **Natríum-2-etýlhexanóat** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Gildi** | **Niðurstaða** | **Eining** | **Dýrateg/Aðferð** | **Athugasemdir** |
| Bráð eiturhrif, inntaka | $LD_{50}$ | 2043 | mg/kg | rotta | OECD 401 |
| Bráð eiturhrif, ísog um húð | $LD_{50}$ | >2000 | mg/kg | rotta | OECD 402 |
| Eitrun æxlunarfæra | | Já | | | H361d |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

**12.1 Eiturhrif:** Forðist losun í niðurföll, vatnsból eða grunnvatn.

| Natríum-2-etýlhexanóat | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Eiturhrif | $LC_{50}$ | >100 mg/l | 96 klst | Fiskar | |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 85,4 mg/L | 48 klst | Daphnia | |
| Eiturhrif | $EC_{50}$ | 49,3 mg/L | 72 klst | Þörungar | |
| Þrávirkni og niðurbrot | | 99% | | | OECD 301E |
| Uppsöfnun í lífverum | LogKow | 1% | | | |
| Dreifanleiki í jarðvegi | Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi | | | | |
| PBT/vPvB | Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt | | | | |

**12.2 Þrávirkni og niðurbrot:** Brotnar treglega niður.

**12.3 Uppsöfnun í lífverum:** Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

**12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:** Dreifist auðveldlega í jarðvegi. Leysanlegt í vatni, gufar upp.

**12.5 PBT/VPvB:** Á ekki við.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara**

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Forðist losun út í umhverfið.
Blandið ekki saman við annað annan úrgang, svo sem leysiefni og bremsu- og kælivökva.
Skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
16 01 14 (frostlögur sem inniheldur hættuleg efni)

**Óhreinar umbúðir**

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

**ADR:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
**IMDG:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
**IATA:** Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP),
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

**15.2 Efnaöryggismat:** Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

## 16. Aðrar upplýsingar

**Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði**

H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði

**Útgáfa/Dags:** 1/14.04.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

*Frumheimild:* ***TOTAL ENERGIES DANMARK AS***
***Safety data sheet according to 1907/2006, ARTICLE 31 (31313)***
***GLACELF MPG SUPRA***
*Útgáfa:* *23.03.2022*